



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
hr. formaður Halldór Ásgrímsson.

Dagsetning

20. apríl 1994

Tilvísun

42.085

Alþingi

Erfindi nr. 117 / 1498

komudagur 22.4 1994

Í framhaldi af fundi forsvarsmanna ráðuneytisins með nefndinni 19. apríl s.l. leggur ráðuneytið hér með fram nýtt bréf með tillögum um breytingar á frumvarpi til laga um sölu notaðra ökutækja.

1. Síðasti málsliður 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins hljóði svo:

"Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.-3. og 5. tölul. 1. mgr."

Óþarft má telja að binda skilyrði þetta við framkvæmdastjóra eingöngu. Hins vegar þykir nauðsynlegt að um mann í stjórnunarstöðu sé að ræða en ekki myndi t.d. nægja að einn sölumanna fullnægði viðkomandi skilyrðum.

2. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

"Hafa lagt fram skilríki því til sönnunar að þeir hafi gilda tryggingu sem bætir viðskiptavinum tjón er þeir kunna að verða fyrir vegna ásetnings eða gáleysis blfreiddasala. Trygging þessi getur verið fölgin í ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, bankatryggingu eða annars konar tryggingum sem sýslumaður metur gildar. Nánari ákvæði um tryggingarskylduna, lágmarksfjárhæð, lágmarksskilmála og gildissvið tryggingarinnar og hverjir geti veitt tryggingu skulu sett í reglugerð."

Með þessari breytingu er einkum verið að lagfæra orðalag ákvæðisins og gera það skýrara og fyllra.

Ráðuneytið telur ekki tímabært að kveðið verði á um hámarksfjárhæð í lögnum sjálfum. Má í því sambandi benda á að reynslan kann að sýna að mat á fjárhæð sem nú yrði ákveðin reynist rangt. Verður þá að vera unnt að bregðast við með skjótum hætti.

Við samningu frumvarpsins var einkum haft til hliðsjónar ákvæði í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 9/1993, sbr. 2. og 7. gr. þeirra laga. Þar er ekki kveðið á um fjárhæðir heldur ráðherra látið það eftir með reglugerð. Sama gildir að sínu leyti um lög nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu að ekki er kveðið á um þetta atriði þar. Slíkt ákvæði er hins vegar að finna í lögum um neytendalán, svo sem komið hefur fram og einnig í lögum nr. 79/1985 um skipulag ferðamála, sbr. 16. gr. Það ákvæði er hins vegar bundið við bankatryggingu eingöngu og er því strangara en hér er lagt til.

Telji efnahags- og viðskiptanefnd hins vegar rétt að kveðið verði á um hámark tryggingarfjárhæðar í lögum leggur ráðuneytið til að sú fjárhæð verði ekki lægri en 10.000.000,- kr. Einnig er rétt að ráðherra verði þá veitt heimild til hækkunar fjárhæðarinnar í samræmi við almenna verðlagsþróun.

Vel mætti þá einnig hugsa sér að ákvæðinu verði breytt á þá leið að tryggingin verði til vara og ekki komi til hennar kasta nema sýnt sé að bifreiðasali sé ógjaldfær. Sú leið er farin í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um neytendalán, sem nefndin hefur cinnig til meðferðar.

3. 2. málslíður 2. mgr. 4. gr. breytist þannig að í stað orðanna "rétt ástandslýsing" komi orðin "fullnægjandi ástandslýsing sbr. 1. mgr.". Orðin "ef um það er að ræða" falli niður.

Þessi breyting er gerð til að taka af tvímæli um að ástandsvottorð sem fjallað er um í ákvæðinu sé ekki það sem greinir í 5. gr. heldur eigi það við 1. mgr. 4. gr. Hér er um að ræða almenna lýsingu á ástandi bifreiðar, en ekki nákvæma útteki sem æila má að bifvélavirkjar taki að sér. Orðin sem felld eru niður þykja í ósamræmi við afdráttarlausu skyldu 1. mgr.

4. Síðasti málslíður 1. mgr. 5. gr. hljóði svo:

"Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti, frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt endurskoðunarverkstæði. Slíkt mat skal gert á kostnað kaupanda nema um annað verði samið."

Tvær breytingar eru hér lagðar til, þ.e. að greina skuli frá umræddum rétti með sannanlegum hætti annars vegar og að kaupandi skuli bera kostnað af slíkri skoðun. Fyrri breytingin er lögð til í því skyni af taka af allan vafa um hver beri sönnunarbyrðina, ef ágreiningur kemur upp um hvort bifreiðasali hafi sinnt þessari skyldu sinni. Hin síðari er til að taka af allan vafa um hvor aðila beri að öllu jöfnu þennan kostnað, en breytir ekki efnisinnihaldi ákvæðisins.

4. 2. mgr. 6. gr. breytist þannig að í stað orðanna "sem fyrst" komi orðin "án tafar"

Núverandi orðalag frumvarpsins þykir ekki kveða nægilega skýrt á um skyldur bifreiðasala. Til þess er að líta að unnt er að tilkynna eigendaskipti meðal annars á öllum pósthöðvum. Leiðir það til þess að vart getur talist eðlilegt að mikið meira en einn dagur líði þar til eigendaskipti eru tilkynnt. Það orðalag sem hér er lagt til þykir skýrara að þessu leyti.

F.h.r.

